

Janúar 2022 Matseðill og ýmsir viðburðir.**Regla mánaðarins: Að fara eftir fyrir mælum**

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 22 Tákn: Úlpa				
3 Hakk og spaghetti, melónusalat	4 Fiskibollur, kartöflur, brún sósa og ferskt salat	5 Kjöt og karrý, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa	6 Prettándinn 9:15 Skólahópur heimsækir 3. og 4. bekk. Soðinn fiskur, kartöflur, lauk-smjör, rúgbrauð og salatbar	7 Grjónagrautur, slátur og ferskir ávextir
Vika 23 Stafur vikunnar: S Tákn: Skór				
10 Bókavika Tónlist á Rey og Kv Íþróttir Könglaland Gúllassúpa með heimabökuðu brauði	11 Karrýfiskur í formi með hrísgrjónum, ananas og salati	12 Ljósadagur í Skagaf. 9:15-10:35 Heims. 1. og 2. b. Píta með hakki og grænmeti	13 Porskur með döðlupestó, hvítlaukssósu og salatbar	14 Pylsupasta, heimabakað brauð
Vika 24 Stafur vikunnar: I Tákn: Gjörrið þið svo vel				
17 Tónlist á Könglalandi Íþróttir Kvistaland Lasagne, kartöflustappa og hvítlauksbrauð	18 Fiskur í raspi, kartöflur, kaldar sósur, ferskt salat	19 Litlar kjötbollur, hrísgrjón, grænmetisstrimlar, súrsæt/tómatsósa	20 11:30 skólah heims 1. og 2. b. 12:10 Skólahópur borðar í Varmahlíðarskóla Paprikufiskur í formi, kartöflur, salatbar	21 Bóndadagur Skyr og ávextir
Vika 25 Stafur vikunnar: O Tákn: Sofa				
24 Tónlist á Rey og Kv Íþróttir Könglaland Soðinn fiskur, kartöflur, smjör og rúgbrauð	25 Pönnusteiktur kjötfarsbollur með kartöflumús, ora grænum, salati og rabbabarasultu	26 Gömlufatadagur Porramatur	27 Mexíkófiskur, hrísgrjón og salatbar	28 Appelsínugulur d. Kakósúpa, tvíbökur, heitt ostabrauð, ávextir
Vika 26 Stafur vikunnar: P Tákn: Peysa				
31 Tortillur, hakk, sósur, ferskt grænmeti	1 feb	2 feb	3 feb	4 feb

Gaman saman í janúar

- Fimmtudag 6. janúar kl 9:15 heimsækir skólahópur 3. og 4. bekk.
- Miðvikudag 12. janúar kl 9:15 koma 1. og 2. bekkur í heimsókn í leikskólann.
- Fimmtudag 20. Janúar kl 11:30 heimsækir skólahópur 1. og 2. bekk og borða í skólanum eftir þann tíma.

Bókavika

Bókavika verður 10.-14.janúar. Hvert barn má koma með eina bók í vikunni og geyma hana í leikskólanum. Takmarkið er að eitthvað sé lesið úr öllum bókum. Munið að merkja bækurnar.

Ljósadagur í Skagafirði

Hefð hefur skapast í Skagafirði að halda ljósadag 12. janúar ár hvert og minnst látinna ástvina með því að tendra ljós í skammdeginu.

Gömlufatadagur

Í tilefni af þorranum komum við í lopapeysum eða öðru sem minnir á þann fatnað sem fólk klæddist í gamla daga.

Appelsínugulur dagur

Við höfum appelsínugula litinn áberandi þennan dag. Það væri gaman ef allir kæmu í appelsínugulum fötum, eða með eitthvað appelsínugult í fötunum sínum eða hárinu.

Sóttvarnarreglur í Birkilundi

Grímuskylda er fyrir foreldra og 2 m nálægðarmörk við aðra fullorðna. Við ætlumst til þess að foreldrar spritti sig við komu og brottför og reyni að dvelja eins stuttan tíma og mögulegt er inni í leikskólanum. Foreldrar verða að bíða fyrir utan ef aðrir eru fyrir í fataherbergi þannig að við reynum að halda 2m fjarlægð eftir því sem hægt er. Við reynum að láta starfið í leikskólanum ganga eðlilega fyrir sig og vonum það besta.

Merkjum fötin

Þar sem margir hafa eflaust fengið nýja vettlinga eða önnur föt um jólin hvetjum við ykkur til þess að merkja þau áður en þau eru send í leikskólann. Munið eftir að taka vettlinga og blaut utanyfirföt með heim til að þurrka þau. Vinsamlegast athugið reglulega hvort eitthvað sem ykkur tilheyrir er í óskilatauinu.

Húsnæðismál

Hafin er vinna við breytingar á bankahúsnæði svo hægt verði að nýta það sem viðbót við Reyniland og taka inn fleiri börn þar. Við vonumst til þess að þær framkvæmdir muni ekki trufla starfið á deildinni mikið.